



21. janúar 2013  
Málsnr. 1211090

Lögbirtingablaðið  
Síðumúla 29  
150 Reykjavík

Óskað er eftir því að neðangreind auglýsing verði birt í Lögbirtingablaðinu 5. febrúar 2013

### **Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær**

#### **Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Suðurbær.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 19.12.2012 að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 hvað varðar Suðurbæ Hafnarfjarðar dags. 27.11.2012 verði sett í auglýsingu skv. 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða tvær breytingar. Önnur breytingin felst í því að 8.700 m<sup>2</sup> íbúðar- og stofnanasvæði milli Hamarsbrautar og Hringbrautar verði íbúðarsvæði. Lóðirnar Suðurgata 40, 41 og 44 og Hlíðarbraut 10 og 12 verði áfram stofnanalóðir. Hin breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði á horni Selvogsgötu og Hringbrautar breytist í íbúðarsvæði og að á svæðinu verði gert hringtorg til að leysa fyrirbyggjandi umferðarvanda við þessi gatnamót.

Aðalskipulagstillagan verður til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði á Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 5. febrúar - 20. mars 2013. Hægt er að skoða aðalskipulagstillöguna á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 20. mars 2013. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

---

Bjarki Jóhannesson  
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi

Greiðandi:  
Bæjarsjóður Hafnarfjarðar  
Skipulags- og byggingarsvið  
Strandgata 6,  
220 Hafnarfjörður, kt.: 590169 - 7579